



# Árs- og gagnsæisskýrsla 2023-2024

Aftari röð f.v.: Magnús Guðmundsson, Arnar Freyr Frostason, Hreiðar K. Hreiðarsson, Guðrún Ásdís Lárusdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Bergrós Halla Gunnarsdóttir, Helgi Kr. Jakobsson, Ísabella A. Lövenholdt.  
Fremri röð f.v.: Sindri Magnússon, Guðrún Björk Bjarnadóttir, Stefán Hilmarsson, Hanna Fríða Jóhannsdóttir.

## EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra .....	3
Ávarp stjórnarformanns .....	4
Starf stjórnar og skrifstofu frá maí 2023 til maí 2024:	
Skípan stjórnar STEFs .....	5
Skípan fulltrúaráðs STEFs eftir nýafstaðnar kosningar 2024 .....	5
Tónleikaúthlutanir: Breyttar reglur, hærrí úthlutun .....	6
Nýr samningur við RÚV .....	6
Starfsmannamál – Maggi kveður .....	7
Áfram er „Vindur í seglum“ .....	8
Endurnýjaður samningur við Spotify .....	8
Fyrsta úthlutun úr Stórverkasjóði .....	8
Ytra umhverfi:	
Tónlistarmiðstöð orðin að veruleika .....	9
Ýmislegt úr starfinu:	
Friðrik og Pálmi hlutu „Langspilið“ .....	10
Dagur íslenskrar tónlistar 2023 .....	11
Íslensku tónlistarverðlaunin 2023 .....	11
Eðvarð Egilsson hlaut „HÖRPUNA“ 2024 .....	12
Viðburðir, vinnustofur og fleira:	
„Tíminn líður hratt á gervigreindaröld“ - Málþing um gervigreind .....	13
SyncCamp '24 í Póllandi .....	13
Lagasmíðabúðir Iceland Sync & Daytripper .....	14
„Söngtextagerð 101 (og áfram)“ .....	14
„Minna ves / Meiri pening“ - Fræðsla um skattamál .....	14
Námskeið í skapandi upptökustjórn .....	15
STEFnumót við Laufásveg á menningarnótt .....	15
Tengd félög, nefndir og ráð .....	16
Menningarsjóður STEFs .....	17
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerð FTT .....	18
Greinargerð TÍ .....	19
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2023 .....	20-24
Svipmyndir frá STENumóti á menningarnótt 2023 .....	25
Formenn STEFs í gegnum tíðina og söguhornið .....	26-27

## Ávarp framkvæmdastjóra

Ég er afar stolt yfir árangri stjórnar og starfsfólks STEFs á sl. starfsári. Það var metár í úthlutunum, en samtals var úthlutað um 810 milljónum kr. til innlendra og erlendra rétthafa. Auk þess úthlutaði STEF á árinu um 47 milljónum í styrki, þ.á.m. í fyrsta sinn úr nýlega stofnuðum Stórverkasjóði STEFs. Þá sjáum við á ársreikningi STEFs nú þegar áhrif af nýjum samningi STEFs við RÚV, sem þó er ekki enn að fullu kominn til framkvæmda.

Á sama tíma og við fögnum góðum árangri er þó ekki annað hægt en að vara við óveðursskýjum sem við sjáum hrannast upp og tengjast áhrifum gervigreindar á tónlistargeirann. Að sjálfsgöðu fylgja gervigreindinni tækifæri fyrir fjölmarga og hún getur t.a.m. nýst í framtíðinni við að sjá villur í úthlutun og auka gæði samkeyrslu verka og flutnings í streymi.

Stóra málið er þó sú staðreynd að „framleiðandi gervigreind“ (e. generative AI) er að mynda samkeppnismarkað við eiginlega mannlega tónsköpun og þau verk sem STEF og systursömtök hafa umboð fyrir. Hugsanlegt er að fari sem horfir, án íhlutunar, muni tekjur höfundaréttarsamtaka lækka um 30% á næstu fjórum árum. Í því sambandi liggur ljóst fyrir að höfundaréttarvarin verk hafa verið nýtt til þjálfunar gervigreindar heimildarlaust og án endurgjalds. Það er stærsta verkefni höfundaréttarsamtaka að ná einhverju réttlæti fyrir tónhöfunda vegna þessa þjófnaðar.



> Það vekur ugg í brjósti margra, að færst hefur í vöxt að „framleiðandi gervigreind“ nýti sér persónueinkenni eins og útlit og rödd tiltekinna einstaklinga...

Sú skoðun sumra, að tilskipun ESB um stafrænan innri markað heimili slíkt ef viðkomandi höfundur hafi ekki sérstaklega mælt fyrir um annað, er á hröðu undanhaldi og flestir fræðimenn í höfundarétti vilja meina að við gerð þessarar tilskipunar hafi löggjafinn aldrei haft „framleiðandi gervigreind“ í huga, heldur einungis texta- og gagnanám til greiningar.

Þessu til viðbótar vekur það ugg í brjósti margra, að færst hefur í vöxt að „framleiðandi gervigreind“ nýti sér persónueinkenni eins og útlit og rödd tiltekinna einstaklinga. Það er mat undirritaðrar að slíkt sé klárt brot á persónuverndarlöggjöf ESB, en þetta hefur þó verið látið viðgangast án íhlutunar.

Nauðsynlegt er að höfundaréttarsamtök taki skjótar ákvarðanir um viðbrögð, svo og að ráðamenn átti sig á þessari dökku framtíðarsýn og ekki bara innleiði viðeigandi gerðir ESB fljótt og vel, heldur hugsi enn lengra og taki frumkvæði í málaflokknum. Í því sambandi er vert að hafa í huga, að það að lögfesta leikreglur um „framleiðandi gervigreind“, er þó alls ekki hindrandi á tækniframfarir, heldur er eingöngu til þess að búa til sanngjarnan markað sem tónhöfundar geta starfað á.

Reykjavík, 30. apríl 2024  
Með vorkveðju,

**Guðrún Björk Bjarnadóttir**

## Ávarp stjórnarformanns

Árið 2024 var höfundum STEFs gott. Reksturinn gengur ótrúlega vel þrátt fyrir ótal áskoranir og tekist hefur að beisla ýmsar nýjar tekjulindir og ná meiru út úr þeim sem fyrir eru. Framtíð sjálfstæðrar sköpunar og höfundarréttar hefur ekki verið jafn ótrygg lengi, með mismúsíkalska hermigreindina vómandi yfir okkur allt um kring. Mikilvægt er því að ganga frá samningum við lykilverðskiptavini, streymisveitur, flennifyrirtæki og stjórnvöld, sem taka mið af breyttum tímum og óskýrum leikreglum. Við það verkefni sitja stjórnendur STEFs daga og nætur, og hafa leitt samningaviðræður af miklum myndugleik — margar til lykta.



Við fögnum nú langþráðri opnun nýrrar *Tónlistarmiðstöðvar*. STEF hefur tekið þátt í undirbúningi hennar frá upphafi og mun styðja hana áfram með ráðum og dáð. Það hefur aldrei verið jafn mikil þörf fyrir slíka miðstöð, til að styðja við og efla íslenska tónlist af öllu tagi og ólíkum toga. Bæði til frekari landvinninga, en ekki síður hér heima. Það er ekki sjálfgefið að koma slíkri stofnun á laggirnar á svo skömmum tíma — og það ber að þakka. Ekki síst aukinni samvinnu innan tónlistargeirans og auknum skilningi stjórnvalda.

> Við megum ekki gleyma því að STEF er rekið af okkur höfundunum, fyrir höfunda. Milliliðalaust ...

Um leið og innviðirnir styrkjast er sárt að sjá á eftir stórum höfundum sem kjósa að stíga frá borði og leita að grænna grasi og gildari sjóðum annars staðar. Sérstaklega þar sem staðreyndin er að STEF getur vel þjónustað tekjuháa höfunda til jafns við erlenda aðila — og í raun með betri og persónulegri þjónustu en annars staðar býðst. Þess þá heldur er ánægjulegt að sjá höfunda snúa aftur heim. Og þá er vel tekið á móti þeim.

Við megum ekki gleyma því að STEF er rekið af okkur höfundunum, fyrir höfunda. Milliliðalaust. Vonandi helst það þannig áfram.

Reykjavík, 5. maí 2024.

**Bragi Valdimar Skúlason**

# STARF STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU MAÍ '23 TIL MAÍ '24

Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á ofangreindu tímabili, lykiltölur úr rekstri og yfirlit yfir starfsemi og úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna lit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

## *Skipan stjórnar STEFs á liðnu starfsári:*

*Bragi Valdimar Skúlason, formaður*  
*Páll Ragnar Pálsson, varaformaður*  
*Eyþór Gunnarsson*  
*Hallur Ingólfsson*  
*Sigríður Thorlacius*  
*Sigurður Flosason*  
*Þuríður Jónsdóttir*

Varamenn í stjórn voru *Snorri Helgason, Hafðís Bjarnadóttir, Samúel J. Samúelsson, Pétur S. Jónsson, Óttarr Proppé, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Hildigunnur Rúnarsdóttir.*

## *Fulltrúaráð STEFs*

Nýtt fulltrúaráð var kjörið í marsmánuði s.l. Ráðið er æðsta stofnun STEFs, kjörið af almennum félagsmönnum til tveggja ára í senn og skipað 21 fulltrúa. Formenn aðildarféлага STEFs (Tónskáldafélags Íslands og Félags tónskálda & textahöfunda) eru sjálfkjörnir, en 19 fulltrúar kjörnir í kosningu sem fram fer annað hvert ár. Í samþykktum kveður á um að hið minnsta fimm af kjörnum fulltrúum skuli koma úr hvoru aðildarfélagi og fimm hið minnsta úr hópi rétthafa utan féлага.

Alls bárust 32 framboð, þannig að kjósendur höfðu í mörg horn að líta. Stjórn STEFs þakkar öllum frambjóðendum heilshugar. Það er ánægjulegt til þess að vita að í hópi rétthafa séu margir viljugir til að bjóða fram krafta sína og sinna trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

Nýtt fulltrúaráð STEFs (2024-2026) er þannig skipað:

*Bergrún Snæbjörnsdóttir (TÍ)*  
*Bergur Þórisson (utan féлага)*  
*Bragi Valdimar Skúlason (FTT) – form. FTT*  
*Edda Borg Ólafsdóttir (utan féлага)*  
*Eðvarð Egilsson (FTT)*  
*Eyþór Gunnarsson (FTT)*  
*Halldór Smáráson (TÍ)*  
*Hallur Ingólfsson (FTT)*  
*Hildigunnur Rúnarsdóttir (TÍ)*  
*Hildur Kristín Stefánsdóttir (FTT)*  
*Hrafnkell Pálmarsson (FTT)*

*Logi Pedro Stefánsson (FTT)*  
*Magnús Jóhann Ragnarsson (utan féлага)*  
*María Huld Markan (TÍ)*  
*Óttarr Proppé (utan féлага)*  
*Páll Ragnar Pálsson (TÍ) – form. TÍ*  
*Samúel J. Samúelsson (FTT)*  
*Sigurður Flosason (FTT)*  
*Sóley Stefánsdóttir (FTT)*  
*Steinar Baldursson (utan féлага)*  
*Þuríður Jónsdóttir (TÍ)*

Á aðalfundi ráðsins þann 10. maí n.k. mun hið nýja ráð kjósa sér formann og í kjölfarið nýja stjórn STEFs til næstu tveggja ára.

## Tónleikaúthlutanir: Breyttar reglur, hærri úthlutun



Breyting hefur verið gerð á reglum fyrir tónleikaúthlutanir. Breytingin er að samskipti fyrirmynd og felst í því að innheimt fé af tónleikum sem ekki er hægt að tengja spilunarlistum, sökum þess að þeir hafa ekki borist, verður að hluta til bætt ofan á úthlutun fyrir þá tónleika sem úthlutað er fyrir hverju sinni, þ.e.a.s. þá sem fylgt hafa lagalista, en það er grundvallarskilyrði fyrir því að hægt sé að úthluta.

Fram til þessa hefur þessu „munadarlausu“ fé verið bætt ofan á úthlutun fyrir útvarp og sjónvarp í aðalúthlutun hvers árs.

Með þessu er hægt að úthluta hærri upphæð á hvern lagalista. En jafnframt er horft til þess að þetta megi verða tónleikahöldurum hvatning til að skila inn lagalistum.

Stjórn STEFs ákvað að hækkunin yrði 10% umfram það sem ella hefði verið úthlutað fyrir viðkomandi tónleika. Þess má geta að umsýsluþóknun fyrir tónleikaúthlutanir hefur einmitt verið 10%, þannig að líta má svo á að með þessari hækkun núllist umsýsluþóknunin út.

## Uppfærður samningur við RÚV

Eftir langt samningaferli var í september loks endurnýjaður og undirritaður nýr samningur milli STEFs og RÚV, sem felur í sér umtalsverðar hækkunar á greiðslum til STEFs. Eldri samningur var í kjölinn frá árinu 1987, þannig að tímært var orðið að aðlaga samningsskilyrði að ýmsum tæknibreytingum sem orðið hafa á undanförunum árum með tilkomu stafrænnar dreifingar og breyttrar notkunar í gegnum hvers konar nýmiðla. Þá var um leið skrifaður nýr kafli um tónsetningu myndefnis, sem skerpir mjög á reglum þar að lútandi, sem frá greinir hér neðar.

Á meðfylgjandi mynd handsala Guðrún Björk, framkvæmdastjóri STEFs, og útvarpsstjórinn Stefán Eiríksson samninginn.



### Um tónsetningu

Í nýjum samningi STEF og RÚV um flutning tónlistar í miðlum RÚV er í fyrsta skiptið kveðið skýrt á um tónsetningu (stundum nefnt hljóðsetning) á eigin framleiðslu RÚV til notkunar í eigin dagskrágerð á eigin miðlum. Með tónsetningu er átt við þegar tónlist og mynd er skeytt saman (e. synchronisation).

Meginreglan er sú, að tónsetning er ekki heimil nema með samþykki rétthafa. En þegar um er að ræða eigin framleiðslu sjónvarpsstöðva til notkun á eigin miðlum, þá nægir að sjónvarpsstöðin hafi samning við STEF, þar sem slíkum samningi fylgja tónsetningarleyfi (á ensku eru slíkir samningar stundum kallaðir „blanket licence“).

Hins vegar þurfa sjálfstæðir framleiðendur efnis ávallt að leita leyfis hjá rétthöfum. Rétt er að minna á að rétthafar eru bæði tónhöfundar og útgefendur hljóðrits (þ.e.a.s. ef nota á áður útgefið hljóðrit).

Í gegnum tíðina hafa komið upp allmörg tilvik þar sem vafi hefur leikið á því hvort tiltekið efni teljist til eigin framleiðslu RÚV eða teljist vera á ábyrgð sjálfstætt starfandi framleiðanda.

Í hinum nýja samningi er skýrt að kaupir RÚV sýningarrétt af sjálfstæðum framleiðanda, þá telst viðkomandi framleiðsla ekki vera eigin framleiðsla RÚV, nema í þeim tilvikum sem RÚV hefur einkarétt á sýningu viðkomandi efnis þegar samningurinn er gerður eða RÚV á 50% eða meira í framleiðslunni.

Sé um það að ræða efni, sem telst til eigin framleiðslu, en er síðar selt eða dreift annað, þá gildir ekki lengur leyfið samkvæmt samningnum við STEF og verður viðkomandi framleiðandi þá að afla nýrra tónsetningarleyfa hjá rétt höfum.

Sjónvarpsstöðvar eru síðan ábyrgar fyrir því að skila til STEFs skýrslu um alla tónsetningu í sinni eigin framleiðslu (e. cue sheet).

Ákveðnar undantekningar eru þó á hinu almenna tónsetningarleyfi sem fylgir samningi STEFs, en það nær ekki til framleiðslu RÚV á dramatísku leiknu efni (s.s. þar sem unnið er eftir handriti), né til einkennislaga þáttaraða. Þá ber RÚV einnig gæta að sæmdarrétti höfunda.

## ***Starfsmannamál – Maggi kveður***

Þann 22. desember sl. var síðasti starfsdagur *Magnúsar Guðmundssonar*. Það voru ekki aðeins tímamót í hans lífi, heldur í sögu STEFs, því Maggi hefur starfað hér frá 1984, eða í hartnær 40 ár!

Hann er ljósfaðir skráningar- og úthlutunarkerfis samtakanna, var á sínum tíma ráðinn til að færa kerfið af spjaldskrá yfir í stafrænan gagnagrunn og hefur síðan tekið þátt í að viðhalda og þróa kerfið. Auðvitað mun það þróast eftirleidis, en byggir þó áfram beint og óbeint á vinnu þeirri sem Maggi leiddi og stýrði lengi vel.

Samstarfsfólkið kvaddi með trega þennan fróða og fróma fagmann, sem einatt hefur verið fádæma vinsæll á skrifstofunni, en einnig hjá fjölmörgum höfundum, sem í gegnum árin hafa notið aðstoðar hans og þekkingar.



Maggi við skrifborðið skömmu fyrir starfslok.

## Áfram er „Vindur í seglum“



Árið 2020 hóf STEF tilraunaverkefni undir yfirskriftinni „Vindur í seglum“, sem snérist um að veita lítt reyndum kvenhöfundum eða fólki af minnihlutakynngervum aðstoð við að koma hugmyndum í verk og á framfæri, með fulltingi leiðbeinenda (e. „mentora“). Þótti verkefnið takast það vel að ákveðið að var að endurtaka það á tveggja ára fresti.

Í fyrra valdi jafnréttisnefnd STEFs þrjá þátttakendur úr fjölmörgum umsóknum og sl. haust komu hinar útvöldu saman í n.k. uppskeruteiti, þar sem viðstaddir hlýddu á lög úr þeirra ranni. Samkoman var á heimili *Haraldar Þorleifssonar* (sem kunnur er af átakinu „Römpum upp Ísland“),

en hann studdi verkefnið með fjárframlagi. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir höfðingsskapinn.

Þátttakendur í ár voru þær *Kristrún Steingrímisdóttir*, *Guðrún Ólafsdóttir* (RÚN) og *Sigga Ózk*. Hér að neðan má sjá umsagnir þeirra, en allar hafa þær nú sent frá sér lög, sem sum eru þegar tekin að hljóma á öldum ljósvakans. Þetta höfðu þær að segja um verkefnið:

*„Frábært framtak! Fékk að kynnast og vinna með ótrúlega hæfileikaríku og frábæru fólki. Mjög hvetjandi og lærdómsríkt ferli. Takk fyrir mig!!“ —Kristrún*

*„Verkefnið er frábært veganesti fyrir ungt tónlistarfólk. Tíminn með leiðbeinendum reyndist gulls ígildi og svo var afar dýrmætt að kynnast öðrum þátttakendum, sem í mínu tilviki voru tvær snargeggjaðar tónlistarkonur.“ —Guðrún (RÚN)*

*„Ég er svo þakklát fyrir þetta verkefni og fyrir allt sem fylgdi því. Ég er spennt fyrir komandi tímum hjá sjálfri mér, Guðrúnu og Kristrínu og framhaldinu á öllu því sem fór fram á meðan verkefninu stóð. Ég er einnig spennt fyrir framtíð kvenna í tónlist, því hópurinn fer sífellt stækkandi og ég hlakka til að sjá næsta hóp í þessu verkefni. Áfram stelpur!“ —Sigga Ózk*

## Samningur við Spotify endurnýjaður

Sl. haust endurnýjaði STEF samning sinn við tónlistarveituna Spotify til næstu tveggja ára. Í nýjum samningi hefur tekist að ná aðeins betri kjörum fyrir höfunda, sérstaklega á heimamarkaði (sem telst auk Íslands vera Noregur, Danmörk, Finnland og Svíþjóð). Þá bætast nú við samninginn fjölmörg lönd í Afríku og Mið-Austurlöndum, til viðbótar við þau lönd önnur sem voru hluti af eldri samningi, en alls tekur samningurinn til 87 landa. Þetta ætti að leiða af sér að greiðslur fyrir streymi á Spotify í þessum löndum skili sér fyrr og betur til STEFs en áður.

## Fyrsta úthlutun úr Stórverkasjóði

Í júní 2023 var úthlutað í fyrsta skipti úr hinum nýstofnaða Stórverkasjóði STEFs, hvers tilgangur er að styðja við stærri verkefni. Svo segir m.a. í samþykktum sjóðsins: „Til stærri verkefna telst frumsköpun verka í stóru formi, heildstæð tónlistarverkefni eins og tónsmíðar og textagerð fyrir heila plötu, sem og að færa stærri verk eða heildstæða efnisskrá í stærri og viðameiri búning.“

Fyrstu styrkþegar sjóðsins eru þau *Sara Mjöll Magnúsdóttir* og *Sigurður Sævarsson*.

# YTRA UMHVERFI

## *Tónlistarmiðstöð orðin að veruleika*



Stofnfundur *Tónlistarmiðstöðvar* fór fram í Hörpu þann 15. ágúst sl. Þar var fyrsta stjórn miðstöðvarinnar kynnt, en hana skipa **Einar Bárðarson** (formaður), **Sólrún Sumarliðadóttir**, **Ásmundur Jónsson**, **Guðrún Björk Bjarnadóttir**, **Gunnar Hrafnsson**, **Páll Ragnar Pálsson** og **Sigrún Grendal**.

**Jakob Frímagn Magnússon**, sem fór fyrir starfshópi er annaðist undirbúning að stofnuninni, ávarpaði fundinn. **Lilja Dögg Alfreðsdóttir**, menningar- og viðskiptaráðherra, tók einnig til máls og mælti m.a. svo:

*„Þetta er mikill gleðidagur og einstaklega mikilvægur áfangi fyrir tónlist og tónlistarfólk hér á landi. Þetta er löngu tímabært skref sem mun styrkja tónlistargeirann til framtíðar. Tónlistarmiðstöðin getur orðið einn af hornsteinum tónlistarlífs og -iðnaðar og það er mín von og trú að tónlistarsenan hér á landi muni blómstra sem aldrei fyrr.“*

Hlutverk Tónlistarmiðstöðvar er að vera samstarfsvettvangur hagsmunaaðila tónlistar á Íslandi, sinna fræðslu og stuðningi við tónlistarfólk og tónlistartengd fyrirtæki, styðja við uppbyggingu tónlistariðnaðarins, kynna íslenska tónlist og tónlistarfólk á erlendri grundu og vera nótnaveita fyrir íslensk tónverk. Tónlistarmiðstöð er jafnframt falin umsjón með rekstri og starfsemi nýs Tónlistarsjóðs sem sameinar gamla Tónlistarsjóð, Hljóðritasjóð og Útflutningssjóð.

Tónlistarmiðstöðin var síðan opnuð formlega þann 23. apríl sl. og hefur bækistöð við Austurstræti 5. Framkvæmdastjóri er **María Reynisdóttir**.

## ÝMISLEGT ÚR STARFINU

### *Friðrik Karlsson hlaut „Langspilið“ 2024*



„Langspilið“ 2024 var afhent fyrir skemmstu. Það eru sérstök verðlaun STEFs, sem árlega falla í skaut höfundar sem að mati stjórnar er talinn hafa skarað fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á nýliðnu ári. Verðlaunahafi ársins er **Friðrik Karlsson**.

Ferill Friðriks er langur og farsæll. Fyrstu sporin sté hann á unglingsárum með danshljómsveitum, en snemma hneigðist Friðrik til jazz- og fönktónlistar og varð einn af stofnendum Mezzoforte, sem á miðjum níunda áratugnum sló í gegn erlendis og má með sanni kalla brautryðjanda íslenskrar tónlistarútrásar.

Samhliða spilmennsku innan- og utanlands hefur Friðrik á undanförunum árum gefið sig mjög að svokallaðri „lífstílstónlist“, sem jafnan tengist hugleiðslu og heilsurækt í víðu samhengi. Það er einkum á því sviði sem vegur hans hefur vaxið mjög og árangur aukist á undanförunum misserum.

Á meðfylgjandi mynd hampar Friðrik langspili sínu og framkvæmdastjórinn mynd af honum fyrir sérstakan heiðursvegg langspilshafa í höfuðstöðvum STEFs.

### *Pálmi Ragnar hlaut „Langspilið“ 2023*

Í fyrra var „Langspilið“ afhent nokkru síðar en venja er og komst fregn af því ekki inn í síðustu ársskýrslu, sem var sökum þess að verðlaunahafinn var staddur erlendis, enda lagahöfundur íslenska Evróvisjónframlagsins, sem flutt var af Diljá Pétursdóttur.

Það var einróma álit stjórnar STEFs að **Pálmi Ragnar Ásgeirsson** væri vel að útnefningunni kominn. Á undanförunum árum hefur hann látið mjög til sín taka sem höfundur og upptökustjóri og komið við sögu margra vinsælustu laga landsins. Hann hefur verið iðinn við að uppgötva efnilegt tónlistarfólk, þróa með því hæfileika og hjálpa því að blómstra. *Glowie*, *Friðrik Dór* og *Bríet* eru nokkur nöfn sem nefna mætti í því sambandi, auk fyrrnefndrar Diljár.



## Dagur íslenskrar tónlistar 2023

Dagur íslenskrar tónlistar var skv. venju haldinn hátíðlegur þann 1. desember. Af því tilefni léku íslenskar útvarpsstöðvar að mestu leyti — sumar eingöngu — íslenska tónlist dag þann.

Nemendur leikskóla og grunnskóla um allt land undirbjuggu daginn með því að æfa upp lag dagsins, *Það vantar spýtur*, eftir *Ólaf H. Símonarson*. Gerðu skólarnir sameiginlega atögu að Íslandsmeti í kórsöng og líklegt að það hafi tekist.



Hátíðardagskrá fór fram í Hörpu, hvar veittar voru viðurkenningar fyrir eitt og annað:

- Hvatningarverðlaun ársins hlaut **Korda Samfónía**, fyrir að nýta tónlist og miðla á skapandi hátt til að efla fólk til virkni í samfélaginu.
- **Þjóðhátíð Vestmannaeyja** hlaut „Gluggann“ í ár, fyrir að halda úti metnaðarfullri tónleikadagskrá og stuðla að nýsköpun í formi árlegs „þjóðhátíðarlags“.
- **Lilja Dögg Alfreðsdóttir** hlaut nýsköpunarverðlaun ársins, fyrir að tala fyrir og koma í framkvæmd lögum um tónlist og fyrstu opinberu tónlistarstefnu landsins, sem og að eiga stóran þátt í að koma á fót Tónlistarmiðstöð Íslands.
- Útflutningsverðlunin hlaut **Iceland Sync**, fyrir að stuðla að útbreiðslu íslenskrar tónlistar, m.a. með því að stefna saman innlendum og fjölþjóðlegum lagahöfundum, upptökustjórum og forleggjurum.
- Heiðursverðlaunin í ár, „Litla fuglinn“, hlaut vefsvæðið **Glatkistan**, sem um alllangt skeið hefur haldið utan um fróðleik og sagnfræðimola um íslenskt tónlistarfólk fyrr og nú. Vefurinn er hugarfóstur og einstaklingsframtak hins fórnfúsa og ástríðufulla tónlistaráhugamanns, **Helga Jónssonar**.
- Að lokum var **Rás 2** verðlaunuð sérstaklega í dag, á 40 ára afmælisdegi stöðvarinnar, en eins og kunnugt er, þá hefur Rásin einatt verið ötul í stuðningi við íslenska tónlist.

## ÍTV 2024



**Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV)** voru afhent í Hörpu þann 12. mars sl. Innsendingum fjölgaði milli ára, sem mætti túlka sem aukna grósku í íslenskrari tónlist. Lög ársins þóttu vera *Skína* (**Patrik og Luigi**) og *Wandering Beings* (**Guðmundur Pétursson**). **Laufey Lín**, **Kristjana Stefánsdóttir** og **Jóhann Kristinsson** voru verðlaunuð fyrir „söng ársins“. **Vigdís Hafliðadóttir** samdi „texta ársins“ (*Hún ógnar mér*). **Kári Egilsson** er „bjartasta vonin“ og heiðursverðlaunin hlaut **Hörður Áskelsson**, organisti og kórstjóri. „Flytjendur ársins“, hvert í sínum flokki, voru **Sæunn Þorsteinsdóttir**, **Laufey Lín**, **Andrés Þór Gunnlaugsson** og **Mugison**,

sem á meðfylgjandi mynd hampar verðlaunagrip sínum.

Á vefsíðunni [iston.is](http://iston.is) er að finna lista yfir verðlaunahafa ársins.

## *Eðvarð Egilsson hlaut „HÖRPUNA“ 2024*

Í febrúar hlaut **Eðvarð Egilsson** „HÖRPUNA“, *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin*, sem undanfarin ár hafa verið afhent í Berlín, samhliða hátíðinni Berlinale. Verðlaunin hlaut Eðvarð fyrir tónspor (e: score) við myndina *Smoke Sauna Sisterhood*, í leikstjórn Önnu Hints. Þetta er í fimmta skipti sem Íslendingur hreppir þessi eftirsóttu verðlaun, en þau voru fyrst afhent árið 2010.

Tónlistina vann Eðvarð m.a. í náninu samvinnu við leikstjóranng og kemur mannsróddin mjög við sögu, m.a. rödd leikstjórans, sem er meðlimur eistneska söngtríósins EETER, sem túlkar ýmis mögnuð stef Eðvars í gegnum myndina. Við hjá STEFI erum auðvitað afar stolt af þessari stóru viðurkenningu og óskum Eðvarði og hans fólki hjartanlega til hamingju.

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs, ritaði af þessu tilefni:

*Það er með mikilli ánægju og stolti sem ég óska Eðvarði Egilssyni til hamingju með Hörpuverðlaunin 2024.*

*Mér finnst nánast ótrúlegt að þetta sé í fimmta skipti sem smáþjóðin Ísland hlýtur þessi virtu verðlaun. Sumir telja reyndar eina ástæðuna fyrir velgengni íslenskrar tónlistar sé einmitt smæðin, sem leiðir til náins og stuðningsríks listasamfélags. Ég er viss um að mikið sé til í því.*

*Ég er líka eindregið þeirrar skoðunar að fjárfesting í listum og menningu, ásamt stuðningi hins opinbera við tónlistarkennslu í gegnum árin og bættu innviði tónlistariðnaðarins á seinni árum, hafi sitt að segja, líklega meira en fólk gerir sér grein fyrir.*

*En að því sögðu, þá er það auðvitað vafalaust að helsta ástæða verðlaunanna nú er einfaldlega vinna og hæfileikar Eðvarðs, sem ég held að eigi fyrir höndum frábæran feril sem kvikmyndatónskáld.*



Eðvarð Egilsson hefur HÖRPU sína á loft í Berlín 17. febrúar sl.

## VIÐBURÐIR, VINNUSTOFUR OG FLEIRA

### *Tíminn léður hratt á gervigreindaröld* *Málþing um gervigreind og höfundarétt*

Gervigreind hefur verið í umræðunni um árábil og reglulega berast fregnir af framþróun og aukinni úbreiðslu hennar. Sér í lagi hefur listsköpun verið í kastljósinu undanfarið, eftir því sem tækni hefur fleygt fram og notkun gervigreindar aukist hröðum skrefum á hinum ýmsu sviðum skapandi greina.

Samhliða þessu hafa eðlilega vaknað áleitnar spurningar, einkum varðandi hagnýtingu og höfundarétt varnings og verka sem til verða með atfylgi eða milligöngu gervigreindar, ekki síst með hliðsjón af listaverkum sem notuð eru til „þjálfunar“ gervigreindar.

Þann 29. september sl. stóð STEF – ásamt fleiri samtökum – fyrir málþingi um gervigreind og höfundarétt í Hörpu. Voru þar haldnir áhugaverðir fyrirlestrar og í kjölfarið hringborðsumræður með kunnáttufólki á sviðum tækni, fræða, lista og laga.

Markmið þingsins var ekki að tala niður eða hafna gervigreind, heldur að varpa fram spurningum og fræðast um möguleg framtíðaráhrif hennar á skapandi greinar. Þingið þótti vel lukkað og var aðsókn mjög góð, svo mjög reyndar, að færa þurfti það í stærri sal en fyrirhugaður var.

Líflegar umræður urðu um hagnýtingu með hliðsjón af „þjálfun“ gervigreindar, nokkuð sem verið hefur í deiglu undanfarið, m.a. á löggjafarsviði ESB, sem hefur lögleitt ákvæði um texta- og gagnanám.

Í kjölfar þingsins sendi STEF frá sér ályktun, samhljóða ályktunum norrænna systursamtaka, sem ganga út á að tryggja að höfundarréttarvarið efni meðlima verði ekki hluti af þróun gervigreindar, nema afdráttarlaust samþykki þeirra liggja fyrir.

Um afstöðu STEFs og skilyrði fyrir texta- og gagnanámi má fræðast á [stef.is](http://stef.is), þar sem einnig er að sjá upptöku frá málþinginu.

### *SyncCamp '24 í Póllandi*

Í næsta mánuði fara tveir höfundar á vegum STEFs í lagasmíðabúðirnar *SyncCamp*, sem að þessu sinni eru að vori til og fara fram í bænum *Zakopane* í Póllandi. Þetta er í fjórða skiptið sem meðlimum STEFs gefst færi á að sækja þessar búðir.

Um er að ræða kvikmynda- og auglýsingatónlist, en tónlistarstjórar (e. music supervisors) verða þátttakendum til ráðgjafar og tengja tónlistina við hin ýmsu verkefni. Lögð er áhersla á hópavinnu og tengslamyndun. Það eru sem fyrr ZAIKS, systursamtök STEFs í Póllandi og Music Export Poland, sem standa fyrir búðunum og bjóða upp á þátttöku, gistingu og uppihald.

Síðasta SyncCamp fór fram í nóvember og voru þau **Gunnar Ingi Guðmundsson** og **Kristín Björk Kristjánsdóttir** (Kira Kira) fulltrúar STEFs SyncCamp, sem þá fór fram í borginni Sopot. Gunnar Ingi birti í kjölfarið pistil á Facebook-síðu sinni, þar sem m.a. segir:

*„Þessi vika hefur verið frábær og mjög lærdómsrík, við höfum kynnst svo mörgum frábærum lagahöfundum og tónskáldum, frábæru fólki frá ýmsum löndum. Sú vinátta mun vara til frambúðar.“*



## *Lagasmíðabúðir Iceland Sync & Daytripper*

Í mars sl. stóð *Iceland Sync* fyrir lagasmíðabúðum í samvinnu við kanadíska tónlistarforleggjarann *Daytripper*. Kom þar saman fjölpjódlegur hópur höfunda og upptökustjóra, samtals 18 aðilar. Unnið var í nokkrum hópum að lagsmíðum og útsetningum, í samvinnu við forráðamenn *Daytripper*, með það fyrir augum að koma lögum á framfæri alþjóðlega.

Slíkar búðir eru kjörið tækifæri til að kynna, tengjast og starfa með fjölbreyttum hópi hæfileikafólks úr ýmsum áttum. Búðirnar fóru fram í hljóðverinu *Greenhouse Studios* í Breiðholti. STEF átti þarna einn fulltrúa, **Haldór Gunnars Pálsson**, sem valinn var úr hópi allmargra umsækjenda.

## *Söngtextagerð 101 (og áfram)*

Á undanförunum árum hefur meðlimur STEFs staðið til boða þátttaka í ýmsum lagasmíðanámskeiðum. Í febrúar var komið að því að bjóða uppá söngtextanámskeið. Námskeiðið náði yfir tvö kvöld og fór fram í húsakynnum STEFs. Leiðbeinandi var **Kristján Hreinsson**, sem í gegnum árin hefur samið og sent frá sér ógrynni þekkra söngtexta og ljóða, auk fjölmargra bóka. Kristján hefur reglulega staðið fyrir námskeiðum um meðferð og gerð texta hjá HÍ og má segja að fáir búi yfir meiri reynslu en hann á þessu sviði. Námskeiðið var jafnt ætlað reynslulitlum höfundum, sem og þeim sem reynslu hafa, en vilja bæta við sig þekkingu.

## *Minna ves / Meiri pening - Fræðsla um skattamál*

Á hvassviðriskvöldi í nóvember bauð STEF uppá fræðslufund um skattamál höfunda, þar sem **Margrét Á. Sigurðardóttir**, sérfræðingur PwC í skattarétti, greindi m.a. frá kostum og göllum þess að fá höfundaréttartekjur í gegnum félag eða sem einstaklingur.

Einnig fjallaði Margrét um skattamál og heimilisfesti, en PwC vann álit fyrir STEF um það efni, þar sem horft er til skattalegs hagræðis þess að rétt hafi sé meðlimur í STEFi fremur en erlendum samtökum. Í stuttu máli er niðurstaðan sú, að verulegt skattalegt hagræði er af því að höfundar búsettir hér á landi séu meðlimir í STEFi.

Stytt samantekt helstu punkta úr álitinu:

- STEF annast greiðslu á fjármagnstekjuskatti af útgreiddum tekjum til höfunda. Þegar höfundur hefur fengið greitt frá STEFi, þá er þannig búið að draga frá 22% fjármagnstekjuskatt.
- STEF annast það fyrir hönd höfunda, að afla skattskylduvottorða til að komast hjá tvískattlagningu í upprunalandi höfundaréttartekna í þeim ríkjum sem Ísland hefur tvísköttunarsamninga við. Sé höfundur EKKI meðlimur í STEFi, en engu að síður búsettur á Íslandi, þá þarf höfundurinn sjálfur að sjá um allt það sem viðkemur skattgreiðslunni og því sjálfur að afla skattskylduvottorðs, telja tekjurnar fram á framtali og greiða fjármagnstekjuskatt allt að ári eftir að þeirra hefur verið aflað.
- Hafi skattur verið dreginn af tekjunum erlendis sem er nánast öruggt að hafi verið gert, þarf viðkomandi að óska sérstaklega eftir frádrætti hér á landi, sem samsvarar þeim skatti sem greiða hefði átt af tekjunum hér á landi (eða sem samsvarar þá 22% fjármagnstekjuskatti). Hafi höfundurinn engu að síður greitt hærri skatt erlendis en hann hefði greitt hér á landi sem meðlimur í STEFi, (sem er einnig mjög líklegt þar sem Ísland er eina landið sem býður upp á það skattahagræði að greiða 22% fjármagnstekjuskatt í stað hefðbundins launaskatts) þá þarf hann sjálfur að hafa samband við hin erlendu skattyfirvöld og óska eftir endurgreiðslu á mismuninum.

## *Námskeið í skapandi upptökustjórn*

Sl. haust bauð STEF meðlimum uppá námskeið í skapandi upptökustjórn (e. creative production), undir leiðsögn **Zöe Erwin** og **Elínar Ey**, sem hafa á undanförnum árum getið sér gott orð sem útsetjarar, höfundar og flytjendur (Systur o.fl.).

Farið var yfir ýmsa möguleika sem tónlistarforritið *Logic* býður upp á, s.s. fjölmörg gagnleg „plug-in“, tækniþrellur, o.s.frv. Samhliða var veitt leiðsögn við laga- og textasmíði, raddsetningu, hljóðklippingu og hljóðblöndun.

## *STEFnumót við Laufásveg á Menningarnótt*

Menningarnæturdagur 2023 var sérdeilis góður, enda spókuðu tugþúsundir sig í miðbænum á árlegri menningarnótt. Fjölmargir lögðu leið sína í bakgarðinn hjá STEFi og nutu þar söngva frá *Eyfa Kristjáns*, *Svölu Björgvins*, *Teiti Magnússyni* og *Kristjönu Stefáns*.

Rétt er að minna á næsta „STEFnumót“ STEFs á Menningarnótt, sem í ár ber upp á 24. ágúst.



## TENGD FÉLÖG, NEFNDIR OG RÁÐ

- STEF er aðili að IHM (*Innheimtumiðstöð réttþafa*), hagsmunasamtökum 11 höfundaréttarsamtaka, sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota, sem og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, **Guðrún Björk Bjarnadóttir** og **Hjörtur Ingi Jóhannsson**. Ásamt þeim situr svo **Bragi Valdimar Skúlason** í fulltrúaráði IHM.
- STEF á aðild að *Fjölís*, hagsmunafélagi sjö höfundaréttarsamtaka, sem koma fram fyrir hönd réttþafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn *Fjölís* fyrir hönd STEFs situr **Páll Ragnar Pálsson**. Í fulltrúaráði *Fjölís* situr **Guðrún Björk Bjarnadóttir**, auk tilnefnds stjórnarmanns.
- STEF á aðild að *Samtóni*, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Stærstu verkefni *Samtóns* eru að halda *Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV)* og *Dag íslenskrar tónlistar (DÍT)*. Fulltrúar STEFs í stjórn *Samtóns* eru **Guðrún Björk Bjarnadóttir** og **Páll Ragnar Pálsson** auk **Braga Valdimars Skúlasonar**. Framkvæmdastjóri ÍTV og DÍT er **Kristján Freyr Halldórsson**.
- **Guðrún Björk Bjarnadóttir** situr f.h. STEFs í stjórn *Tónlistarmiðstöðvar*.
- Í stjórn *Uppþökusjóðs* STEFs sitja **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**, **Oliver Kentish**, **Ragnheiður Gröndal** og **Ragna Kjartansdóttir**.
- Í stjórn *Nótnasjóðs* STEFs sitja **Tryggvi M. Baldvinsson**, **Hildur Kristín Stefánsdóttir**, **Hafðís Bjarnadóttir** og **Úlfar Ingi Haraldsson**.
- Í stjórn *Stórverkasjóðs* STEFs sitja **Elisabet Indra Ragnarsdóttir**, **Gunnhildur Einarsdóttir**, **Óttarr Proppé** og **Hallur Ingólfsson** auk **Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur**.
- Í stjórn *Ferðasjóðs* STEFs sitja **Lárus Grímsson** og **Rósa Birgitta Ísfeld**.
- Í stjórn *Tónskáldasjóðs RÚV* og *STEFs* sitja fyrir hönd STEFs þau **Védís Hervör Árnadóttir** og **Tryggvi M. Baldvinsson**, en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni. Varamenn eru **Hallur Ingólfsson** og **Þórunn Ósk Marinósdóttir**.
- Í stjórn *Tónskáldasjóðs Bylgjunnar* og *Stöðvar 2* sitja fyrir hönd STEFs þau **Bragi Valdimar Skúlason** og **Páll Ragnar Pálsson** og auk þeirra forstjóri Sýnar.
- Í stjórn *Tónlistarsjóðs kirkjunnar* og *STEFs* situr fyrir hönd STEFs **Hilmar Örn Agnarsson** og er **Hildigunnur Rúnarsdóttir** varamaður hans.
- Fyrir hönd STEFs situr í Höfundaréttarráði **Karólína Eiríksdóttir** og til vara **Óttarr Proppé**.
- Í hinni íslensku dómnefnd *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna* sitja þau **Pétur S. Jónsson**, **Hilmar Oddsson**, **Margrét Örnólfsdóttir**, **Hilmar Örn Hilmarsson** og **Guðrún Björk Bjarnadóttir**. STEF annast umsýslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir **Hallur Ingólfsson**, **Ingi Garðar Erlendsson** og **Eyþór Gunnarsson**.
- Nefnd um kirkjulegar athafnir vegna úthlutunar: **Óskar Einarsson**, **Regína Ósk Óskarsdóttir** og **Þórir Úlfarsson**.
- Í *Jafnréttisnefnd STEFs* sitja **Sóley Stefánsdóttir**, **Snorri Helgason**, **Páll Ragnar Pálsson** og **Eliza Newman**.

## MENNINGARSJÓÐUR STEFS

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum *Menningarsjóð STEFs*. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarféлага STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera soérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 42 milljónum króna árið 2023. Það er sjö milljón króna hækkun frá fyrra ári, en upphæðin hafði verið óbreytt um nokkurra ára skeið. Af menningarframlaginu var úthlutað kr. 7.058.004 til hvors aðildarfélags, *Félags tónskálda og textahöfunda (FTT)* og *Tónskáldafélags Íslands (TÍ)*.

Greinargerðir þeirra um ráðstöfun á framlaginu er að finna hér í skýrslunni.

Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

Menningarsjóður STEFs:	2023	2022
Staða í ársbyrjun	4.528.281	7.090.028
Framlag STEFs	42.000.000	35.000.000
Til úthlutunar	46.528.281	42.090.028
Tillag til TÍ	7.058.004	7.058.004
Tillag til FTT	7.058.004	7.058.004
Framlag v. Samtóns	1.889.095	649.557
Framlag v. Dags ísl. tónlistar	1.287.649	1.698.092
Framlög v. Ísl. tónlistarverðlaunanna	6.038.150	4.409.063
Framlag v. Útflutningssjóðs Ísl.tónlistar	0	1.500.000
Framlag v. ÚTÓN	1.737.522	2.000.000
Framlag í Upptökusjóð	6.000.000	6.000.000
Styrkir stjórnar	1.800.000	3.000.000
Framlag í Stórverkasjóð	4.340.000	0
Önnur framlög og kostnaðarpáttaka	7.613.438	4.189.027
<b>Úthlutað á árinu:</b>	<b>44.821.862</b>	<b>37.561.747</b>
<b>Staða í árslok:</b>	<b>1.706.419</b>	<b>4.528.281</b>

# RÁÐSTÖFUN MENNINGARFRAMLAGS AF HÁLFU AÐILDARFÉLAGA STEFS

## *Félag tónskálda & textahöfunda (FTT) Greinargerð v. 2023*

FTT fagnaði 40 ára afmæli á síðasta ári. Var því blásið til veglegra afmælistónleika sem haldnir voru í Gamla Bíó, í stað hinar hefðbundnu garðveislu. Leikin voru lög íslenskra höfunda og fram komu þau *Úlfur skemmtari Eldjárn*, *GDRN*, *Magnús Jóhann*, *Salóme Katrín*, *Flott* og *Sigga Beinteins*. Fyrrum formaður félagsins, *Jakob Frímann Magnússon*, var við þetta tækifæri sæmdur heiðursmerki FTT.

Sérstakar plötukynningar voru haldnar í 12 Tónum á Skólavörðustígnum. Voru þetta einstaklega fróðleg og skemmtileg erindi ýmissa spekinga sem tengdust viðkomandi verkum. Teknar voru fyrir plöturnar *Langspil* eftir *Jóhann G. Jóhannsson*, *Debut Bjarkar Guðmundsdóttur*, *Jukkið* hans *Prins Póló* og loks tvennan *Polydistortion* og *This is Normal* með *GusGus* tekna fyrir.

Höfundaverðlaun FTT voru veitt á *Músíktílaunum* í fyrsta sinn árið 2023 var það hljómsveitin *Dóra og döðlurnar* sem hlaut þau. Er tilgangurinn að hvetja unga höfunda til dáða um leið og þetta er tækifæri fyrir félagið að nálgast og næra grasrót íslensks tónlistarlífs betur.

Auk þessa sinnti félagið fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við höfunda. Þá var fundað með systurfélögum FTT á norðurlöndum á vettvangi NPU. Að þessu sinni í Kaupmannahöfn. Þar voru í fyrsta sinn fulltrúar höfunda frá bæði Færeyjum og Grænlandi.

Sundurliðun rekstrarkostnaðar má sjá hér að neðan, sbr. ársreikning FTT:

Menningarframlag 2023:	7.058.004	Útgöld:	
		Laun og launatengd gjöld	5.893.101
		Funda- og viðskiptakostnaður	466.078
		Ferðakostnaður	297.516
		Félags- og aðildargjöld	264.594
		Gjaldfærð áhöld og tæki	213.796
		Sími og skrifstofukostnaður	141.658
		Rekstur og tölvubúnaður heimasíðu	313.297
		Reikningsleg aðstoð	310.000
		Annar kostnaður	56.548
		Samtals:	7.956.588

# Tónskáldafélag Íslands (TÍ)

## Greinargerð v. 2023

Menningarframlag STEFs til Tónskáldafélags Íslands fór í hefðbundinn rekstur félagsins svo sem framkvæmdastjórn, stjórnarlaun, ferðalög, skrifstofukostnað, bókhald og frágang ársreiknings.

### Félagsstarf

Gunnhildur Einarsdóttir er í 20% starfshlutfalli sem framkvæmdastjóri félagsins og nú í ágúst bætti hún öðrum 20% við vegna framkvæmastjórnar á Myrkum músíkdögum. Það er mikið hagræði í því fyrir félagið að vera með sömu manneskjuna í báðum verkefnum þar sem samlegðin þar á milli er mikil. Einnig gerðum við þá breytingu á rekstri hátíðarinnar að í stað þess að vera með einn listrænan stjórnanda stofnuðum við listráð Myrkra músíkdaga. Ráðið skipa Þráinn Hjálmarsson fyrir hönd félagsins, Björg Brjánsdóttir fyrir hönd flytjenda og Ásmundur Jónsson sem aðili úr tónlistarlífinu. Halldór Smáráson er áheyrnarfulltrúi stjórnar og Signý Leifsdóttir fyrir tónlistarmiðstöð. Með stofnun listráðsins er ætlunin að koma fleiri og fjölbreyttari röddum að í skipulagningu hátíðarinnar sem og að sýna hagræði í rekstri.

### Myrkir músíkdagar

Myrkir músíkdagar fóru fram nú í lok janúar við einstaklega góðar undirtektir. Mætingin var gríðarlega góð, flestir tónleikanna fóru fram fyrir fullum sal, eða allt að því, og viðtökur áhorfenda jákvæðar. Á dagskránni voru líkt og áður u.þ.b. 80% verkanna eftir íslenska höfunda, bæði frumflutningar og önnur ný verk. Miðasala tvöfaldaðist frá síðasta ári og uppgjör endaði í hagnaði.

### Alþjóðlegt samstarf

Tónskáldafélagið er aðili að Norræna tónskáldaráðinu, NKR, sem m.a. heldur úti tónlistarhátíðinni Norrænum músíkdögum. Hátíðin er haldin til skiptis í aðildarlöndunum en í ár ber svo við að hátíðin verður í Glasgow, í fyrsta sinn utan norðurlandanna. Það hefur komið til umræðu að skoða möguleika á fleiri samstarfslöndum, t.a.m. Eistrasaltlöndunum, en ekkert verið ákveðið í þeim efnum. Á nýliðnu starfsári ferðaðist formaður tvisvar til að hitta formenn NKR, fyrst í Færeyjum og svo í Stokkhólmi auk þess að hitta þá á netfundum.


Formaður sótti einnig fundi ECSA í London og Brussel ásamt fulltrúum FTT.

Félagið er einnig aðili að ISCM World New Music Days hátíðinni sem haldin er í hverju aðildarlandanna ár hvert. Í ár fór hátíðin fram í Jóhannesarborg í Suður Afríku og sá formaður sér ekki fært að mæta þangað.

### Önnur verkefni

Formaður tók þátt í vinnuhóp um myndun tónlistarmiðstöðvar og situr þar nú í stjórn. Einnig tók hann þátt í vinnu undirbúningshóps um stofnun þjóðaróperu. Formaður sækir fundi Bandalags Íslenskra Listamanna.


F.h. Tónskáldafélags Íslands




Páll Ragnar Pálsson, formaður

## NOKKRAR LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2023


### Rekstrartekjur




### Rekstrargjöld





### Tekjur að frádregnum rekstrargjöldum




## Hreinar tekjur ársins





## Tekjuþróun: Tónleikar / Útvarp og sjónvarp



## Skipting rekstrartekna 2023 Alls kr. 1.224.949.980



## Skipting innlendra flutningstekna 2023 Samtals: 628.394.475



## UPPLÝSINGAR UM ÚTHLUTANIR OG FRÁDRÁTTARLIÐI

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna ([www.stef.is](http://www.stef.is) > Um STEF).

Úthlutanir innanlands '23:		Frádráttarliðir:
113.773.750	Úthlutað v. útvarp og sjónvarp (þ.m.t. VOD)	19,66% kostn.hlutfall & 10% menningarframlag
	–Þ.a. eru 32.439.147 skilgr. sem „bakgrunnstekjur“	
132.740.689	Aðrar „bakgrunnstekjur“	19,66% kostn.hlutfall & 10% menningarframlag
26.006.000	Frumflutningur	0
97.623.154	Sala á hljóðritum og streymi (NCB og NMP)	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýsl.gj.
31.387.169	Lifandi flutningur (tónleikar og aðrar samkomur)	10% umsýslugjald
217.539.181	Flutningur erlendis	3% umsýslugjald
<b>619.069.943</b>	<b>Samtals</b>	

Erlend systursamtök innheimta höfundaréttindatekjur fyrir STEF, sem úthlutar þeim áfram til rétthafa STEFs. Erlendar flutningsréttartekjur 2023 skiptust svo á milli landa:

Erlendar tekjur e. löndum 2023:			
Austurríki	1.773.794	Króatía	151.815
Ástralía	1.927.150	Lettland	220.235
Bandaríkin	31.053.070	Litháen	106.285
Belgía	4.879.481	Noregur	3.209.005
Brasilía	1.264.334	Nýja Sjáland	308.567
Bretland	22.238.455	Portúgal	266.422
Chile	345.509	Pólland	1.653.925
Danmörk	13.510.730	Rúmenía	418.655
Eistland	406.669	Slóvakía	305.712
Finnland	6.881.131	Spánn	4.752.898
Frakkland	24.682.710	Sviss	3.731.915
Holland	5.263.872	Svíþjóð	7.569.106
Hong Kong	271.362	Taiwan	144.067
Írland	431.686	Tékkland	524.651
Ísrael	605.187	Ungverjaland	406.503
Ítalía	6.833.368	Pýskaland	37.434.573
Japan	4.088.936	Ýmsar greiðslur	758.579
Kanada	4.539.045	<b>Samtals</b>	<b>192.959.402</b>

## AÐRAR TEKJUR EN FLUTNINGSTEKJUR

Frá *Sambandi flytjenda og hljómplötframleiðenda* (SFH) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda, sem STEF innheimtir af viðskiptavinum samhliða innheimtu höfundaréttargjalda. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutunum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í Menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:


<b>Aðrar tekjur frá umsýslustofnunum '23:</b>	
29.000.300	Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
29.934.499	Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytjenda og hljómplötuframl.)
<b>Sértekjur Tónmenntasjóða 2023:</b>	
7.815.728	Úthlutun frá FJÖLÍS (Nótnasjóður)
11.396.439	Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
13.576.628	Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasj. RUV & STEFs)
3.000.000	Sértekjur frá SÝN (Tónskáldasj. Bylgjunnar & Stöðvar 2)
3.000.000	Sértekjur, framlag STEFs (Tónskáldasj. Bylgjunnar & Stöðvar 2)
<b>Ógreiddar úthl. við áramót 2023-2024:</b>	
49.080.539	Ógreitt vegna úthlutana
52.714.955	Ógreiddur staðgreiðsluskattur af úthlutunum
261.191.206	Ógreidd erlend úthlutun (STIM)
362.986.700	Samtals ógreitt um áramót

## Upplýsingar um meðlimi og skráningar 2023


Fjöldi höfunda á skrá í lok árs 2023	9.858
Nýir meðlimir á árinu 2023	401
Fjöldi verka á skrá í lok árs 2023	116.341
Fjöldi verka með skráðan flutning á árinu 2023	29.410
Fjöldi höfunda sem fengu úthlutað á árinu 2023	5.427

## Kynjaskipting 2023


HÖFUNDAR Á SKRÁ



AÐILD: NÝSKRÁÐ VERK 2023



ÚTHLUTUN 2023




*Svipmyndir frá STEFnumóti á menningarnótt 2023*



## FORMENN STEFS Í GEGNUM TÍÐINA



Jón Leifs (1948-50, 1952-68)




Jón Þórarinnsson (1950-52)



Skúli Halldórsson (1968-86, 1987-88)



Magnús Eiríksson (1986-87, 1988-89)



Atli Heimir Sveinsson (1989)



Áskell Másson (1989-90, 1991-92, 1994-96)



Valgeir Guðjónsson (1990-91)



Magnús Kjartansson (1992-94, 1996-98, 2000-02, 2004-06)



Kjartan Ólafsson (1994-96, 1998-00, 2002-04, 2006-08, 2010-12, 2014-16)



Jakob Frímagn Magnússon (2008-10, 2012-14, 2016-18)



Þórunn Gréta Sigurðardóttir (2018-20)



Bragi Valdimar Skúlason (2021-)

## Söguhornið

**Fróðleiksmoli úr bókinni *Þú skalt ekki stela*, eftir Sigurð Reyni Pétursson, sem gefin var út á 50 ára afmæli STEFs 1998.**

” Tilurð skipulagðra höfundaréttarsamtaka bar að með einstökum og nær ævintýralegum hætti. Nokkrir franskir tónhöfundar komu saman til að snæða kvöldverð á einum þekktasta skemmtistað Parísarborgar. Þeir drukku allfast og snæddu vel, en er kom að reikningsskilum skorti með öllu skotsilfur til greiðslu veislufanga og var því að vonum illa tekið af staðarhaldara. Í þessum vandræðum skaut þeirri hugmynd upp í huga eins hinna góðlöðu höfunda, að ekki væri þörf á að greiða fyrir veitingarnar þar eð nokkur af tónverkum þeirra hefðu verið leikin á veitingastanum þá um kvöldið og því lægi ljóst fyrir að tónskáldin ættu rétt á greiðslu fyrir afnot þeirra, sem ekki væri lægri en skuld þeirra við gestgjafann fyrir veitingarnar. Höfðaði gestgjafinn síðan mál gegn þeim félögum. Hann tapaði því algerlega á grundvelli höfundalaga, sem sett höfðu verið í Frakklandi á árunum 1791-1793, en verið að mestu dauður bókstafur fram að þessu. Þar með var teningunum kastað og baráttan í Frakklandi fyrir viðurkenningu höfunda á rétti til greiðslu fyrir flutning verka þeirra hafin af fullum krafti. Í framhaldi af þessum dómi og fleiri dómum, sem féllu á svipuðum tíma, stofnuðu frönsk tónskáld og útgefendur fyrsta „STEFið“, SACEM, á árinu 1851.



Skoptúlkun Árna Elfars á atburðinum sem leiddi til stofnunar fyrsta „STEFsins“. Árni var ekki síður fimur músikant en teiknari og má þess til gamans geta, að söngkonan Bríet Ísis Elfar er afabarn Árna.



*Bubbi Morthens kíkti í heimsókn á aðventunni og rakst á sjálfan sig. Við stóðumst ekki mátið og báðum um mynd af þeim saman, sem þeir samþykktu ljúfmannalega og einróma.*